



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 22. nóvember 2018

USK2018080039

0.0

Skipulags- og samgönguráð

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Vallargrund - Tilvísun í mál US 180344

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 7. nóvember 2018 var eftirfarandi tillögu vísað til skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

"Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði varðandi að lagfæring verði gerð á veginum við Vallargrund. Holur hafa ítrekað myndast í veginum og hann því gríðarlega hættulegur".

Svar:

Vallargrund á Kjalarnesi er tengibraut meðfram Vesturlandsvegi um 0,7 km löng og er ein aðalumferðargatan í Grundarhverfi.

Vallargrund er ekki með malbikuðu yfirborði heldur með klæðningu sem telst veikari frágangur en malbik sem er hefðbundinn frágangur. Auk þess er gatan ekki grafin niður á fastan botn og burðarþol götunnar því minna en æskilegt væri.

Syðsti kafli götunnar (tæpir 100 metrar) sem var verst farni kafli götunnar var lagfærður síðastliðið sumar og lagt á hann malbiksslitlag.

Að öðru leyti er ástand götunnar nú metið ásættanlegt en náði verður fylgst með ástandi hennar í vetur og viðgerðum sinnt svo fljótt sem tök eru á.

Næsta sumar verður árangur af framkvæmdum síðastliðins sumars skoðaður og verði hann ásættanlegur er stefnt að því að leggja malbik yfir restina af klæðningunni.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds